



2016

Hitaveita Egilsstaða & Fella

ARSTYBILA

Efnisyfirlit

Skýrsla framkvæmdastjóra	5
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ...	10
Áritun óháðs endurskoðanda	11
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur	14
Sjóðstreymisyfirlit	16
Skýringar	17

Skýrsla framkvæmdastjóra 2016

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2016 gefur til kynna að rekstrarárið hefur verið hagstætt hvað varðar framkvæmdir og rekstrarafkomu ársins, gengi íslensku krónunnar hefur styrkst verulega á rekstrarárinu og verðbólga með minnsta móti svo að rekstrarumhverfi félagsins hefur verið mjög hagfellt.

Heildartekjur HEF á árinu 2016 námu 386,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 368,7 millj. kr. árið 2015. Hafa hækkað um 4,9 % frá fyrra ári.

Tekjur ársins vegna vatnssölu námu 160,1 millj. kr. samanborið við 157,0 millj. kr. á árinu 2015. Álögð fráveitugjöld voru 110,7 millj. kr. samanborið við 104,9 millj. kr. 2015. Álögð vatnsgjöld 2016 voru 81,2 millj. kr. samanborið við 77,1 millj. kr. 2015. Fastagjöld eru 22,1 millj. kr. en voru 21,1 millj. kr. 2015. Aðrar tekjur eru 12,8 millj. kr. en voru 8,7 millj. kr. árið 2015.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 155,2 millj. kr. samanborið við 156,2 millj. kr. árið 2015 og lækka því um 1,0 millj. kr. milli ára.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 231,7 millj. kr. samanborið við 212,5 millj. kr. árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 59,9 % samanborið við 57,6% á árinu 2015.

Afskriftir námu 77,9 millj. kr. samanborið við 86,2 millj. kr. árið 2015.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 153,7 millj. kr. samanborið við 126,3 millj. kr. árið 2015. Hrein fjármagnsgjöld námu 13,9 millj. kr. samanborið við 55,2 millj. kr. árið 2015, lækkunin er að mestu vegna gengishagnaðar af erlendum lánum sem nam 46,0 millj. kr. á árinu.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er 137,9 millj. kr. Tekjuskattur nemur 1,4 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins er því 136,5 millj. kr. í hagnað samanborið við 60,9 millj. kr. árið 2015.

Efnahagsreikningur


Heildareignir félagsins í árslok 2016 samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.975,8 millj. kr. samanborið við 1.963,6 millj. kr. í árslok 2015.

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 1.832,9 millj. kr. í árslok 2016 samanborið við 1.782,5 millj. kr. árið 2015.


Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 17,5 millj. kr. í árslok, en voru 20,8 millj. kr. í árslok 2015.

Eigið fé félagsins er 665,3 millj. kr. í árslok 2016 samanborið við 528,5 millj. kr. í árslok 2015 og er eiginfjárlutfall félagsins 33,7% samanborið við 26,9% í árslok 2015. Eignfjárlutfallið hefur vaxið jafnt og nokkuð stöðugt frá árinu 2009 er það var 6,9%.

Rekstrartekjur í millj. kr.



Hagnaður EBITDA í millj. kr.



Skuldir

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.310,5 millj. kr. í árslok 2016 samanborið við 1.434,8 millj. kr. í árslok 2015. Langtímaskuldir námu alls 1.181,9 millj. kr. í árslok, samanborið við 1.308,0 millj. kr. árið áður .

Skammtímaskuldir námu 128,5 millj. kr. í árslok 2016 samanborið við 126,8 millj. kr. í árslok 2015.

Veltufjárhlutfall er 0,91 í árslok 2016 samanborið við 1,19 árið áður. Æskilegt er að veltufjárhlutfallið sé að jafnaði 0,8 - 1,0 þannig að veltufjármunir á hverjum tíma nægi til greiðslu skammtímaskulda.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 180,4 millj. kr. á árinu 2016 eða 46,6% af heildartekjum ársins

Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 185,9 millj. kr. samanborið við 169,6 millj. kr. árið 2015.

Fjárfestingar námu samtals 128,0 millj. kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 75,4 millj. kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 20,0 millj. kr. og fjárfesting fráveitu 32,6 millj. kr.

Engin lán voru tekin á árinu. Afborganir langtímalána námu 59,5 millj. kr. og afborganir leiguskulda 25,8 millj. kr. Greiddur fjármagnskostnaður nam 56,1 millj.kr. Afborganir og fjármagnskostnaður samtals 141,4 millj. kr.

Handbært fé í árslok er 80,7 millj. kr., nam í árslok 2015 108,1 millj. kr.

w

Starfsemin á árinu


Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urriðavatn nam um 1.800 þús. tonnum, meðalvinnsla er því 57,1 l/sek. eða um 205 þús. lítrar á klukkustund. Á álagstímum þegar saman fer mikill vindur og frost tvöfaldast heitavatnsnotkunin og er þá um 335 þúsund lítrar á klukkustund. Ársmeðalhiti 2016 á veðurstöð veitunnar á Tjarnarbraut var 4,9°C eða um 1,2°C hærri en meðalhiti ársins 2015.

Sala á heitu vatni skv. rúmmetramælingu er 1.417 þúsund rúmmetrar. Sala á heitu vatni um hemla í dreifbýlinu og til sumarhúsa er 6,936 l/mán. Heildartekjur af heitavatnsrekstri árið 2016 námu 187,0 millj. kr. og hækka um 7,0 millj. kr. frá fyrra ári eða um 3,9%.


Stærstu notendur eru eins og áður Haustak hf. með um 104 þús. tonn, en var með 137 þús. tonn 2015, íþróttamannvirki með um 132 þús. tonn sem er um 4 þús. tonn minni notkun en árið 2015. Notkun á heitu vatni til afbræðslu á gervigrasvöllum var um 42 þús. tonn. Vegna mikilla viðskipta fá þessir aðilar magnafslátt sem nam um 15,5 millj. kr. árið 2016. Gróðurhúsin hjá Barra eru með um 12 þús. tonna heitavatnsnotkun.

Verkefni veitunnar voru eins og oft áður í viðhalds og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns-, og fráveitulagna. Bilanir í veitukerfinu voru með minnsta móti og má þakka það fyrirbyggjandi endurnýjun á liðnum árum. Dæling á heitu vatni og


Meðal gjaldfrestur í dögum



Viðskiptakröfur í millj. kr.



Fjármagnskostnaður í millj. kr.



rekstrarkostnaður frá Kyndistöð í Fellabæ hefur minnkað töluvert á á árinu 2016. Ástæðan er að endurnýjun stofnlagnar hitaveitu frá Kyndistöð að dæluhúsi við Tjarnarbraut lauk á árinu 2015. Rafmagnsflutningur til dælustöðva var með besta móti árið 2016 miðað við mörg undanfarin ár, en styrking á flutningi raforku frá Egilsstöðum til Fellabæjar er löngu orðin mjög aðkallandi.

Rekstur hitaveitukerfis gekk vel og var niðurtími vegna bilana í heitavatninu fátíður.

Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast t.a.m. vegna framkvæmda eða þegar bilanir eiga sér stað.

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 28,5 millj. kr. Rafmagn á dæluþúnað er 12,8 millj. kr. og er óbreytt frá fyrra ári. Eftirlits- og rannsóknarvinna nam 1,2 millj. kr. á móti 1,3 millj. kr. árið 2015.

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög góð og stöðug frá upphafi, en dælt er úr þrem borholum. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2016 var um 580 þús. tonn eða að meðaltali 18,4 l/sek. meðalhiti vatns frá borholum er 3,4 C°. Mikill árangur hefur náðst á undanförunum árum og t.a.m. árið 2013 var notkun 851 þús. tonn og meðalrennsli 27 lítrar/sek, þessi mikli munur skýrist af vatnslekum sem lagfærðir hafa verið á undanförunum misserum og með endurnýjun lagnakerfis. Rafmagnskostnaður á kaldavatnsdælur var 0,9 millj. kr. 2016 var á fyrra ári 2,7 millj. kr.

Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum og Fossgærði í Eiðapinghá.

Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel. Allar sýnatökur og eftirlit úr vatnsveitukerfum hafa staðist gæðakröfur. Kostnaður við rekstur vatnsveitunnar er um 9,0 millj. kr.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnsölu skv. mæli nam um 89,2 millj. kr. og hækkaði um 4,8 millj. kr. frá árinu 2015.

Álögð gjöld fráveitu voru 110,7 millj. kr. og er hækkan frá fyrra ári um 5,8 millj. kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis nam 33,7 millj. kr. og hækkar um 4,7 millj. kr. frá fyrra ári.

Samkvæmt samningum við Bólholt ehf. eru rekstrarsamningar vegna hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027. Fyrstu samningarnir renna út 2023. Bólholt ehf. sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli, en tæmdar og hreinsaðar rotþrær voru samtals 151 árið 2016.


Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja á milli skólps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt lækkar rekstrarkostnaður.

Fjöldmörg fráveituverkefni eru komin á verkefnaskrá sem stefnt er á að leysa á næstu misserum s.s. viðbrögð við ofsahláku og úrkomu.

Hitaveita Egilsstaða og Fella er aðili að Samorku sem eru samtök um rekstur hitaveitna, vatnsveitna, fráveitna, rafmagnsframleiðenda og drefingaaðila fyrir rafmagn. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna og ekki síst minni veitna.

HEF á um 45% eignarhlut í Skógarorku ehf. á Hallormsstað og skv. ársreikningi er eignahluturinn á bókfærðu verði um 3,5 millj. kr.

Selt magn eftir notendum 2010-2014, þús. m³



Útgefnir áætlunarreikningar úr orkukerfinu voru um 16 þús. Samtals voru gerðir um 21 þús. reikningar í orkukerfinu þar með eru taldir uppgjörsreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar. Þessar reikningsgerðir eru fyrir utan bókanir og færslur í fjárhagsbókhaldi. Álestur af hitaveitu- og vatnsmælum fór fram í nóvember eins og vaninn hefur verið undanfarin ár, er hann í höndum sömu einstaklinga sem séð hafa um álesturinn til fjölda ára.

Jón Jónsson lögmaður hjá Sókn lömannsstofu hefur rekið mál fyrir félagið gegn Lánasjóði sveitarfélaga um ógildingu á gengistryggðu láni. Dómur féll í héraðsdómi í desember 2015 og í Hæstarétti í október 2016, dómarnir féllu félaginu í óhag. Málskostnaður til Lánasjóðs sveitarfélaga nam kr. 1,7 millj. kr.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum misserum og eru samskipti við þessar fjármálastofnanir með miklum ágætum.

KPMG ehf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur hefur að jafnaði verið gerður fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst ár hvert og reynst vel fyrir stjórnendur veitunnar.

Nýframkvæmdir

Á árinu 2016 var fjárfest fyrir 128,9 millj. kr. Í hitaveitunni voru nýframkvæmdir fyrir um 75,4 millj. kr. í vatnsveitunni fyrir 20,3 millj. kr. og fráveitunni fyrir um 33,2 millj. kr. Dýrasti og umfangsmesti hlutinn var endurnýjun stofnlagna hitaveitu frá virkjun við Urriðavatn að gatnamótum við Gróðrarstöðina Barra. Þar með lauk síðast áfanga á endurnýjun stofnlagna hitaveitunnar frá virkjun að dælustöð við Tjarnarbraut á Egilsstöðum og hafa allar ofanjarðar stofnlagnir verið aflagðar.

Verkið var boðið út og var samið við lægstbjóðanda, verktakafyrirtækið Yl ehf. Önnur verk fóru ýmist í útboð eða í verðkannanir, s.s. miðbæjarstofnlögn, sem var styrking á stofnlögn hitaveitunnar inn á miðbæjar- og suðursvæðið, endurnýjun á dreifikerfislögnum hitaveitu-, vatns-, og fráveitulagna í Lagarbraut, Lagarfelli og Tjarnarbraut. Verktakafyrirtækin Jónsmenn ehf., Ylur ehf. og Austurverk ehf. unnu þessi verkefni með þryði.

Starfsmenn HEF komu að lagningu hita-, vatns-, og fráveitulagna í samvinnu við verktakafyrirtækin í miðbæjarverkinu, Lagarfelli, Lagarbraut og Tjarnarbraut og gekk þessi samvinna vonum frammar þar sem þekking starfsmanna veitunnar og verktaka runnu saman í eina heild.

Verkefni & framtíðarsýn

Fráveitumál munu án efa verða fyrirferðamikil í umræðunni og í framkvæmdum á næstu misserum. Í nóvember 2016 var skýrsla Eflu kynnt fyrir sveitarstjórnarmönnum og í framhaldi voru gagnlegar umræður um skýrsluna.


Unnið er að hönnun verksins skv. skýrslu verkfræðistofunnar Eflu og ættu tillögur um næstu framkvæmdaliði að sjá dagsins ljós á næstu dögum.

Samningar við Bólholt um rekstur og starfsemi núverandi hreinsivirkja mun renna út á næstu árum frá 2023 til 2027.


Skipting heitavatnssölu 2016

Tegund sölu	Fjöldi hús- veitna	Sala um mæla þús. m ³	Vatnssala og fastagjöld millj. kr.
Almenn sala	1.196	1.259	146,7
Sumarhús	91	209	13,1
Snjóbræðsla	2	4	0,4
Íþróttam annvirki	3	132	8,2
Iðnaður	1	105	5,7
Gróðurhús	2	14	1,1
Samtals	1.295	1.722	175,2


Eigið fé í millj. kr.



Veltufjórhlutfall



Hlutfallsleg breyting vísitölu og verðs á heitu vatni frá HEF



Framhald verður á endurnýjun veitulagna í Tjarnarbraut og væntanlega verður lögð ný heimæð hitaveitu að Urriðavatnsbæjunum í samvinnu við framkvæmd Vegagerðarinnar.

Stækkun á dælubúnaði fyrir UV-10 hefur verið kynnt í stjórn HEF og vonandi verður hægt að ráðast í þá framkvæmd fyrir næsta haust.

Helstu verkefni í vatnsveitumálum á næstu árum er að endurnýja dreifikerfið á Egilsstöðum og í Fellabæ í samráði við framkvæmdaáætlanir Fljótisdalshéraðs.

Undirritaðir hafa verið samningar um uppbyggingu Ylstrandar við Urriðavatn og er áætlað að rekstur hefjist á vormánuðum 2019. Miklar væntingar eru til þessa verkefnis m.t.t. ört vaxandi ferðamennsku.

Á næstu árum vonum við að heitavatnið verði notað í auknum mæli við matvælaframleiðslu.

Það býður engin önnur veita vottað hitaveituvatn til matvælaframleiðslu.

Fljótisdalshérað hefur tekið til skipulagningar landsvæði í Fellabæ, hjá Barra og Herði, með það í huga að þarna mætti koma fyrir atvinnufyrirtækjum. Vinna við deiluskipulag á þessu svæði stendur enn yfir. Það væri góð framtíðarsýn að sjá fyrir sér gróðrarstöðvar, öflugra grænmetis- og matvælaframleiðslu sem byggðist á notkun heita- og kaldvatnsins. Það er umhugsunarefni hvers vegna þessi framleiðsla er ekki fyrir löngu hafin á veitusvæði okkar þar sem kröfur eru gerðar um mikið vatn og gæði.

Þegar gerð jarðganga milli Héraðs og Seyðisfjarðar lýkur, verður Seyðisfjarðarkaupstaður væntanlega hitaður upp með vatni frá dælustöðvum hitaveitunnar við Urriðavatn.

Guðmundur Davíðsson

Framkvæmdastjóri

Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 137 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.976 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 665 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 34%.

Í árslok 2016 nam hlutfé félagsins 433 millj. kr. og breyttist ekki á árinu. Allt hlutfé er í eigu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs, kt. 481004-3220, eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2017 vegna rekstrarársins 2016, en vísar að öðrum leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningsskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2016 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 28. febrúar 2017

Í stjórn fyrirtækisins:

Gunnar Jónsson
Karl Lauritzson
Skúli Björnsson
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Sigríður Sigmundsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Davíðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 28. febrúar 2017

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

Rekstrarreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		160.085.213	156.984.042
Álögð vatnsgjöld		81.184.243	77.096.679
Álögð fráveitugjöld		110.730.553	104.863.837
Fastagjöld		22.086.329	21.117.171
Aðrar tekjur		12.811.461	8.658.445
	2a	386.897.799	368.720.174
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	4	57.669.471	53.610.807
Rekstur veitukerfa		71.276.840	70.438.616
Annar rekstrarkostnaður		26.280.773	32.151.231
		155.227.084	156.200.654
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		231.670.715	212.519.520
Afskriftir	7	77.921.774	86.190.927
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		153.748.941	126.328.593
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	(13.925.976)	(55.179.802)
Áhrif hlutdeildarfélags		(1.913.366)	(873.870)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		137.909.599	70.274.921
Tekjuskattur ársins	2i, 11	(1.397.718)	(9.327.387)
Hagnaður ársins	14	136.511.881	60.947.534

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2016	2015
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi	2d, 6		8.968.491	9.273.165
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi			428.341.017	421.586.622
Fráveitukerfi			254.172.040	235.967.712
Borholur og dreifikerfi hitaveitu			992.006.884	949.225.016
Kyndistöð, áhöld og búnaður			45.946.506	50.129.954
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu			112.422.118	125.564.108
	2f, 7		<u>1.832.888.565</u>	<u>1.782.473.412</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi	2h, 8		3.477.447	5.390.813
Tekjuskattseign	2i, 11		13.869.070	15.266.788
Verðbréfaeign í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum	2j, 12		103.423	103.423
			<u>17.449.940</u>	<u>20.761.024</u>
		Fastafjármunir	<u>1.859.306.996</u>	<u>1.812.507.601</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	2k, 13		20.275.968	25.636.308
Kröfur á tengda aðila			11.299.876	15.605.103
Aðrar skammtímakröfur			4.200.347	1.736.296
Handbært fé	2l		80.732.612	108.161.078
		Veltufjármunir	<u>116.508.803</u>	<u>151.138.785</u>
		Eignir samtals	<u>1.975.815.799</u>	<u>1.963.646.386</u>

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2016	2015
Eigið fé:			
Hlutafé		433.306.421	433.306.421
Lögbundinn varasjóður		28.285.872	14.634.684
Óráðstafað eigið fé		203.727.047	80.866.354
Eigið fé	14	665.319.340	528.807.459
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	15	857.610.097	957.351.312
Leiguskuldir	16	203.091.915	225.862.250
Fyrirframinnheimtar tekjur	17	121.261.299	124.818.957
		1.181.963.311	1.308.032.519
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	57.967.250	59.836.618
Næsta árs afborganir leiguskulda	16	27.507.045	25.848.674
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	17	3.557.658	3.557.658
Viðskiptaskuldir		21.303.420	15.434.471
Aðrar skammtímaskuldir		18.197.775	22.128.987
		128.533.148	126.806.408
Skuldir samtals		1.310.496.459	1.434.838.927
Eigið fé og skuldir samtals		1.975.815.799	1.963.646.386
Skuldbindingar utan efnahags	19		

Sjóðstreymisyfirlit 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	14	136.511.881	60.947.534
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	77.921.774	86.190.927
Verðbætur og gengismunur		(37.344.524)	1.279.306
Áhrif hlutdeildarfélags		1.913.366	873.870
Tekjuskattur, breyting		1.397.718	9.327.387
Veltufé frá rekstri		180.400.215	158.619.024
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, lækkun (hækkun)		7.201.516	(8.028.264)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		1.937.737	(1.961.880)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		(3.557.658)	20.950.006
Verðbréfeign, breyting		0	381
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		5.581.595	10.960.243
Handbært fé frá rekstri		185.981.810	169.579.267
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, hitaveita	7	(75.378.734)	(104.816.599)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, vatnsveita	7	(20.044.058)	(26.229.786)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, fráveita	7	(32.609.461)	(14.223.972)
Fjárfestingarhreyfingar		(128.032.253)	(145.270.357)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin langtímalán		0	57.000.000
Afborganir langtímalána		(59.529.349)	(56.778.302)
Afborganir leiguskulda		(25.848.674)	(24.317.224)
Fjármögnunarhreyfingar		(85.378.023)	(24.095.526)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(27.428.466)	213.384
Handbært fé í ársbyrjun		108.161.078	107.947.694
Handbært fé í árslok		80.732.612	108.161.078
Aðrar upplýsingar:			
Greiddur fjármagnskostnaður		56.199.427	56.257.437

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Vatns- og holræsagjöld er færð til tekna við álagningu. Tengigjöld eru færð í rekstrarreikninga við útgáfu reiknings ef um óverulega fjárhæð er að ræða en annars eru tengigjöld færð sem fyrirframinnheimtar tekjur og innleystar á nýtingartíma dreifkerfis. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu.....	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir	25 ár
Borholur hitaveitu	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu.....	20 ár
----------------------------	-------

h. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í hreinni eign þeirra.

Skýringar, frh.:

i. Tekjuskattsinneign

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

j. Verðbréfaeign

Félagið á í skulda- og peningamarkaðssjóðum Íslenskra verðbréfa hf. samtals að fjárhæð 0,1 millj. kr. og er verðbréfeignin færð til eignar í samræmi við viðskiptagengi í lok árs. Umræddir sjóðir eru í slitaferli og ráðast útgreiðslur af afborgunum skuldabréfa og sölu eigna. Þar sem óvissa er um hvenær útgreiðslur fara fram eru ekki færðar næsta árs afborganir meðal veltufiármuna.

k. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

l. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

3. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2016				
Rekstrartekjur	186.956.414	89.210.832	110.730.553	386.897.799
Rekstrargjöld án afskrifta	68.704.160	32.091.636	54.431.288	155.227.084
Hagnaður EBITDA	118.252.254	57.119.196	56.299.265	231.670.715
Afskriftir	(36.834.988)	(13.539.663)	(27.547.123)	(77.921.774)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.989.706	(2.597.188)	(14.318.494)	(13.925.976)
Tekjuskattur	(1.397.718)	0	0	(1.397.718)
Áhrif hlutdeildarfélags	(1.913.366)	0	0	(1.913.366)
Hagnaður ársins	81.095.888	40.982.345	14.433.648	136.511.881
Eignir starfsþátta	1.179.510.019	429.711.622	366.594.158	1.975.815.799
Skuldir starfsþátta	788.230.381	278.060.334	244.205.744	1.310.496.459
Eigið fé starfsþátta	391.279.638	151.651.288	122.388.414	665.319.340
Veltufé frá rekstri	87.297.633	46.385.101	46.717.481	180.400.215
Fjárfestingahreyfingar	75.378.734	20.044.058	32.609.461	128.032.253
Fjármögnunarhreyfingar	(44.928.960)	(26.341.043)	(14.108.020)	(85.378.023)

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2015				
Rekstrartekjur	179.346.260	84.434.486	104.939.428	368.720.174
Rekstrargjöld	70.223.067	32.615.595	53.361.992	156.200.654
Hagnaður EBITDA	109.123.193	51.818.891	51.577.436	212.519.520
Afskriftir	(43.220.998)	(15.837.396)	(27.132.533)	(86.190.927)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(29.636.427)	(9.366.344)	(16.177.031)	(55.179.802)
Tekjuskattur	(9.327.387)	0	0	(9.327.387)
Áhrif hlutdeildarfélags	(873.870)	0	0	(873.870)
Hagnaður (tap) ársins	26.064.511	26.615.151	8.267.872	60.947.534
Eignir starfsþátta	1.172.402.944	429.711.622	361.531.820	1.963.646.386
Skuldir starfsþátta	870.714.314	317.024.859	247.099.754	1.434.838.927
Eigið fé starfsþátta	301.688.630	112.686.763	114.432.066	528.807.459
Veltufé frá rekstri	77.236.716	41.084.797	40.297.511	158.619.024
Fjárfestingahreyfingar	104.816.599	26.229.786	14.223.972	145.270.357
Fjármögnunarhreyfingar	16.833.024	(14.855.011)	(26.073.539)	(24.095.526)

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins greinast þannig:

	2016	2015
Laun	53.712.828	49.028.744
Áunnið orlof, breyting	(255.890)	(1.119.526)
Launatengd gjöld	13.000.533	12.006.589
	66.457.471	59.915.807
Eignfærð laun og launatengd gjöld	(8.788.000)	(6.305.000)
Laun og launatengd gjöld samtals	57.669.471	53.610.807
Fjöldi starfsmanna í árslok	6	6

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 19,7 millj. kr. á árinu 2016.

Skýringar, frh.:

5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2016	2015
Vaxtatekjur og verðbætur	3.416.695	1.988.252
Vaxtagjöld og verðbætur	(63.298.195)	(63.435.914)
Gengismunur	45.955.524	6.267.860
Hrein fjármagnsgjöld	(13.925.976)	(55.179.802)

6. Öefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 40-50 árum. Þessi liður greinist þannig:

	Vatnsréttindi hitaveitu	Vatnsréttindi vatnsveitu	Samtals
Bókfært verð 1.1.2016	1.148.165	8.125.000	9.273.165
Afskrifað á árinu	(54.674)	(250.000)	(304.674)
Bókfært verð 31.12.2016	1.093.491	7.875.000	8.968.491

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Borholur og dreifikerfi hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1.2016	88.582.319	1.647.123.302	641.149.187	508.313.116	2.885.167.924
Afskrifað áður	(38.452.365)	(697.898.286)	(219.562.565)	(272.345.404)	(1.228.258.620)
Bókfært verð 1.1.2016	50.129.954	949.225.016	421.586.622	235.967.712	1.656.909.304
Fært út	0	0	0	0	0
Viðbót á árinu	0	75.378.734	20.044.058	32.609.461	128.032.253
Afskrifað á árinu	(4.183.448)	(32.596.866)	(13.289.663)	(14.405.133)	(64.475.110)
Afskrift færð út	0	0	0	0	0
Bókfært verð 31.12.2016	45.946.506	992.006.884	428.341.017	254.172.040	1.720.466.447
Heildarverð 31.12.2016	88.582.319	1.722.502.036	661.193.245	540.922.577	3.013.200.177
Afskrifað samtals	(42.635.813)	(730.495.152)	(232.852.228)	(286.750.537)	(1.292.733.730)
Bókfært verð 31.12.2016	45.946.506	992.006.884	428.341.017	254.172.040	1.720.466.447

Afskriftahlutföll 4-33% 2,5-4% 2,5-4% 4%

Leigðar eignir greinast þannig:

Hreinsivirki í fráveitu 1.1.2016	125.564.108
Afskrifað á árinu	(13.141.990)
Bókfært verð 31.12.2016	112.422.118

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals 1.832.888.565

Afskriftahlutföll 5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita	36.780.314
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita	13.289.663
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita	14.405.133
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigugeignir	13.141.990
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 6	304.674
Fært í rekstrarreikning	77.921.774

Skýringar, frh.:

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Skógarorka	44,8%	9.000.000	3.477.447

9. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteigna félagsins var 63,6 millj. kr. og lóða 20,7 millj. kr., eða samtals 84,3 millj. kr. í árslok 2016. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 210,3 millj. kr.

10. Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu 598,6 millj. kr. fyrir árið 2016, 414,3 millj. kr. fyrir vatnsveitu og 680,3 millj. kr. fyrir fráveitu.

11. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun	15.266.788
Reiknaður tekjuskattur	(1.397.718)
Tekjuskattseign í árslok	13.869.070

Tekjuskattseign félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(8.272.835)
Viðskiptakröfur	2.306.802
Frestaður gengishagnaður	(6.545.261)
Yfirfæranlegt tap	26.380.364
	13.869.070

12. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign greinist þannig:

Verðbréf í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum	103.423
Verðbréfeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	103.423

13. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2016	2015
Niðurfærsla í ársbyrjun	11.573.892	10.324.997
Breyting á niðurfærslu ársins	(39.882)	1.248.895
Niðurfærsla í árslok	11.534.010	11.573.892

14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2015	433.306.421	14.634.684	80.866.354	528.807.459
Hagnaður ársins			136.511.881	136.511.881
Framlag í lögbundinn varasjóð		13.651.188	(13.651.188)	0
Eigið fé 31.12.2016	433.306.421	28.285.872	203.727.047	665.319.340

Skýringar, frh.:

15. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,85-4,55% á gjalddögum til 2027	180.446.975
Óverðtryggð lán, vextir 6,46-7,25% á gjalddögum til 2036	475.274.658
Gengistryggð lán, vextir -0,43%-0,98% á gjalddögum til 2033	259.855.714

Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	915.577.347
Næsta árs afborganir	(57.967.250)

Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	857.610.097
---	-------------

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2016.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl. gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2017	41.726.192	16.241.058	57.967.250
Árið 2018	41.905.176	16.241.056	58.146.232
Árið 2019	42.092.302	16.241.056	58.333.358
Árið 2020	42.287.943	16.241.056	58.528.999
Árið 2021	42.492.486	16.241.056	58.733.542
Síðar	445.217.538	178.650.428	623.867.966
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	655.721.637	259.855.710	915.577.347

16. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir eru til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun	230.598.960
Næsta árs afborgun	(27.507.045)
Samtals langtímahluti leiguskulda	203.091.915

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borganir alls
Hreinsivirki	2003-2027	4,15%	230.598.960

Onúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2017	49.591.761
Árið 2018	48.580.317
Árið 2019	47.568.872
Árið 2020	47.568.872
Árið 2021	47.568.872
Síðar	125.583.909
Samtals	366.462.603

Greiðslur vegna leigusamninga námu á árinu 2016 48,3 millj. kr.

Skýringar, frh.:

17. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda á dreifikerfum í hitaveitu námu á árinu 5,7 millj. kr. eða um 3,0% af tekjum hitaveitunnar. Almenn tefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5,0% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins og því eru tengigjöld ársins tekjurfærð á árinu. Í árslok nema fyrirframinnheimtar tekjur vegna tengigjalda 124,0 millj. kr. og er áætlað að færa umrædd tengigjöld til tekna á 40 árum.

Þá eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 0,8 millj. kr. Sú fjárhæð færirst til tekna á næstu 10 árum.

Tekjur að fjárhæð 124,8 millj. kr. eru færðar til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur í árslok 2016. Þar af færast 3,6 millj. kr. meðal veltufjármuna sem næsta árs innlausn, sem þýðir að sú fjárhæð færirst til tekna á árinu 2017.

18. Skattamál

Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2008 yfirfæranlegt til 2018	97.295.394
Tap ársins 2009 yfirfæranlegt til 2019	34.606.424
Samtals	<u>131.901.818</u>

19. Ábyrgðarskuldbindingar

Félagið hefur samþykkt að veita hlutdeildarfélagi sínu, Skógarorku ehf., hlutfallslega sjálfskuldarábyrgð (pro rata ábyrgð), í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu, vegna lántöku félagsins hjá Íslandsbanka hf. Eftirstöðvar lánsins námu í árslok 2016 4,9 millj. kr. og nemur ábyrgð HEF því 44,8% þeirrar fjárhæðar eða um 2,2 millj. kr.

Skýringar, frh.:

20. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2016 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánnum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánnum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 259,9 millj. kr. (2015: 324,0). Hluti fjárfestingareigna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánnum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 26,0 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

Skýringar, frh.:

21. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2016	2015	2014	2013	2012
Rekstur:					
Rekstrartekjur	386.898	368.720	354.826	345.178	313.573
Rekstrargjöld án afskrifta	(155.227)	(156.201)	(143.088)	(147.945)	(125.167)
Hagnaður fyrir afskriftir	231.671	212.519	211.738	197.233	188.406
Afskriftir	(77.922)	(86.191)	(76.574)	(72.280)	(71.837)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	153.749	126.328	135.164	124.953	116.569
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(13.926)	(55.180)	(58.921)	(18.718)	(91.589)
Áhrif hlutdeildarfélagas	(1.913)	(874)	(939)	(1.261)	(1.083)
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	137.910	70.274	75.304	104.974	23.897
Tekjuskattur ársins	(1.398)	(9.327)	10.222	(67.201)	545
Hagnaður ársins	136.512	60.947	85.526	37.773	24.442
Efnahagur:					
Fastafjármunir	1.859.307	1.812.508	1.763.630	1.692.080	1.695.297
Veltufjármunir	116.509	151.139	142.897	108.988	58.635
Eignir samtals	1.975.816	1.963.647	1.906.527	1.801.068	1.753.932
Eigið fé	665.319	528.807	467.860	382.334	343.166
Langtímaskuldir	1.181.963	1.308.033	1.314.109	1.282.485	1.295.231
Skammtímaskuldir	128.533	126.806	124.558	136.248	115.534
Eigið fé og skuldir samtals	1.975.815	1.963.646	1.906.528	1.801.067	1.753.931
	2016	2015	2014	2013	2012
Helstu kennitölur:					
Meðal gjaldfrestur í dögum	27	38	29	32	28
Veltufé frá rekstri	180.400	158.619	156.078	146.653	137.616
Veltufjárhlutfall	0,91	1,19	1,15	0,80	0,51
Eiginfjárhlutfall	33,7%	26,9%	24,5%	21,2%	19,6%
Arðsemi eiginfjár	25,8%	13,0%	22,4%	11,0%	7,7%

Hönnun & prentun: Héraðsprint